

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldið er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir aukatunnu við hverja íbúð.

3. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Kr. á einingu

Matarleifar/blandaður úrgangur 240 l	35.941
Plastumbúðir/pappír 240 l	7.785
Matarleifar 240 l	27.992
Blandaður úrgangur 240 l	41.241
Blandaður úrgangur 660 l	116.245
Plastumbúðir 240 l	8.494
Plastumbúðir 660 l	29.374
Pappír og pappi 240 l	8.494
Pappír og pappi 660 l	26.191
Matarleifar djúpgámur 2500 l	291.583
Matarleifar djúpgámur 3000 l	349.900
Matarleifar djúpgámur 5000 l	583.166
Blandaður úrgangur djúpgámur 2500 l	429.595
Blandaður úrgangur djúpgámur 3000 l	515.515
Blandaður úrgangur djúpgámur 5000 l	859.191
Plastumbúðir djúpgámur 2500 l	70.022
Plastumbúðir djúpgámur 3000 l	84.027
Plastumbúðir djúpgámur 5000 l	140.045

Pappír og pappi djúpgámur 2500 l	88.841
Pappír og pappi djúpgámur 3000 l	106.178
Pappír og pappi djúpgámur 5000 l	176.963
Fast gjald - rekstur grenndar- og gámastöðva	22.684

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

5. gr.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarráði 27. nóvember 2025 og í bærarstjórn Hafnarfjarðar 3. desember 2025. Gjaldskráin er birt í Stjórnartíðindum og tekur gildi 1. janúar 2026. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1771/2024 úr gildi.

Hafnarfirði, 10. desember 2025.

Valdimar Víðisson bærarstjóri.